



# Safnaðartíðindi

# Seljasóknar

32. ÁRG. 3. TBL. Aðventa 2011



Kirkjan okkar öllum opin

## Njótum aðventunnar!

Aðventan er tími erils. Það fylgja mikla annir þeim tíma. Aðventan er undirbúningstími jólanna. Það er sannarlega ástæða til þess að leggja mikið á sig til að undirbúa jólin, því þá viljum við öll hafa mikla hátíð og virkilega njóta þess. Það er reyndar töluverður vandi, þegar margt er í boði, mörgu að okkur haldið, og allt

tekur sinn tíma. Í kirkjunni þinni er fluttur boðskapurinn um það sem jólin í raun snúast um. Þar er bent á það sem er innst og dýpst, tengsl við Guð. Það er er farsælt að taka þátt í því starfi. Á aðventunni er margt til boða. Komum til kirkjunnar okkar og njótum aðventunnar.

Valgeir Ástráðsson

**Kynnið ykkur  
aðventudagskrá  
Seljakirkju á baksíðu**

# Jólasöfnun Hjálparstarfsins: Gefðu lífsvon, gefðu vatn!

Það er víða sem fólk býr við hungursneyð. Kristin trú minnir okkur á að styðja við þá sem búa við þrengingar. Jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar verður að þessu sinni fyrir neyðarhjálp í Austur-Afríku. Þörfin fyrir framlög til hjálparstarfa hefur sjaldan verið meiri. Hungursneyð geisar nú í Austur-Afríku og þar deyr fólk úr hungri á hverjum degi.

12 milljónir manna eru í brýnni þörf fyrir aðstoð. 750.000 manns í Sómalíu eru í bráðri lífshættu. Ófriður, fátækt og þurrkar eru samverkandi þættir sem gera ástandið mjög slæmt.

Flóttamannastraumur frá verstu svæðunum til annarra svæða þar sem lífsafkoma var mjög erfið fyrir, gerir að verkum að enn fleiri eru í hættu. Verkefni Hjálparstarfsins eru mörg og umfangsmikil. Við vinnum að því að útvega hreint vatn og bæta þar með heilsu, auka ræktun, búfjárhald og almenna afkomu. Við eflum fólk til sjálfshjálpar, styrkjum konur



Óhreint vatn er valdur alvarlegra sjúkdóma

sérstaklega og styðjum mannréttindastarf.

Þú getur tekið þátt í jólasöfnun Hjálparstarfsins með því að greiða valgreiðslu í heimabanka. Einnig er hægt að hringja í styrktarnúmer 907 2003 (2.500 kr.) eða leggja inn á söfnunarreikning: 0334-26-50886 kt. 450670-0499.

## Jólaguðspjónustur Seljakirkju

Heilög jól eru sú hátíð þar sem mest þörf er á því að koma til kirkjunnar sinnar og nærast af guðspjónustu og söng. Nær jólum verða Safnaðartíðindin aftur borin í hús sóknarinnar þar sem skýrt verður nánar frá helgihaldinu. Guðspjónustur jólanna verða eftirfarandi:

Á aðfangadag verður aftansöngur

kl. 18 og einnig miðnæturguðspjónusta kl. 23:30.

Á jóladag verður hátíðarguðspjónusta kl. 14, og á annan jóladag einnig kl. 14. Aftansöngur verður á gamlárskvöld kl. 18 og guðspjónusta á nýársdag kl. 14. Guðspjónustur í hjúkrunarheimilinu Skógarbær verða annan jóladag kl.16 og nýársdag kl. 16



Það er mikið sungið í kirkjunni



Barnaguðspjónustur eru fyrir alla fjölskylduna



Fréttir

## Æskulýðsfélagar söfnuðu fyrir vatni

Í nóvembermánuði gengu félagar úr æskulýðsfélagi Seljakirkju, Sela, í hús í Seljahverfi og söfnuðu fyrir vatnsverkfni Hjálparstarfs kirkjunnar. Söfnuðust rúmlega 40 þúsund krónur sem á eftir að koma sér vel á slóðum mikillar neyðar og hungursneiðar.

## Jólakort Seljakirkju

Eins og ávallt eru jólakort Seljakirkju seld á adventunni. Með jólakortum kirkjunnar minnum við á það starf sem þar er unnið, boðskapinn um Jesúm Krist, konungs jólanna. Allur ágóði af sölu jólakortanna rennur til safnaðarstarfsins. Þar er full þörf á að styðja vel þar sem tekjur safnaðanna hafa verið skertar verulega, eins og víða hefur komið fram. Kortin eru seld í kirkjunni og í verslunum.

## Minningarkort Seljakirkju

Þegar dauðsfall ber að höndum er það góður og hlýlegur siður að senda vinum kveðju og sýna þannig samhug og vináttu og láta þá jafnframt stuðning renna til styrktar góðu starfi. Til þess eru minningarkort. Minningarkort Seljakirkju hafa í gegnum árin verið mörgum slíkt tilefni. Þau fást í kirkjunni og starfsfólk þar sér um að pósthleggja þau til þeirra eins og óskað er. Með þeirri kveðju er fyrirbæn. Safnaðarfólk er hvatt til að nota minningarkort kirkjunnar sinnar.

# Undirbúningur jóla: Hvað eftir stendur

Þjóðskáldið okkar, Matthías Jochumsson, lætur í þekktu kvæði hugann reika til baka á jólum með spurninguna, hvað man ég, hvað skiptir mig nú máli? Fer langt aftur í tímann og segir: „Fullvel man ég fimmtíu ára sól, - fullvel meir en hálfra aldar jól“. Það er gott að eiga góðar minningar, eiga eitthvað sem eftir stendur, - það sem er einhvers virði.

Við erum að undirbúa jólahald, þar sem mikið er lagt til og miklu til kostað. Þá skiptir máli að það sem við gerum sé einhvers virði. Tali nú ekki um að börnin eignist eitthvað í minningasjóð, sem eitthvað gott skilur eftir. Það viljum við öll. Í kvæðinu góða fjallar þjóðskáldið um það, talar meira að segja um að í veröldinni sé margt sem hann kallar „Hismi, bóla, ský, sem gabbar oss“ Segir svo: „Þóttú vinnir gjörvallt heimsins glys, grípur þú þó aldrei nema fis“. Líklega er sú viðvörðun brýnni nú en hún var fyrir tvennum aldamótum. - Erindi skáldsins er að vara við, en benda á það sem máli skiptir til að eignast það dýrmæta og góða, sem dugir áratugina, - að eiga kyrrð, þakklæti. Gefa sér tíma til þess að stöðvast við það heilaga og góða. Jólin verða þá fyrst einhvers virði þegar því er náð. - Adventudagskrá kirkjunnar er til þess sett að ná því marki. Þar er helgi, þar er bæn, þar er sýn til þess sem stenst reynslu árána, er svo dýrmætt að það gleymist ekki. Sjáðu hvað söfnuðurinn þinn býður þér til stuðnings við undirbúning jóla og nýttu það til góðs.

## Guðspjónusturnar

Aðventan þýðir koma, Guð kemur. Aðventan er skipulagður tími til undirbúnings fyrir þá komu. Réttur undirbúningur jólanna er að taka þátt í því sem fram fer í guðspjónustunum á þeim blessaða tíma. Guðspjónustur eru í kirkjunni hvern helgan dag um adventuna eins og allt árið. Við undirbúning heilagrar hátíðar er meiri ástæða til að koma til kirkjunnar sinnar og taka þátt í að stilla hug, heyra boðskap Guðs og biðja fyrir jólahaldinu.

**Fyrsta sunnudag í adventu** eru skilaboðin, að Guð himnanna, sem ofar öllu stendur og öllu ræður, kemur auðmjúkur til hvernar manneskju. **Annar sunnudagur í adventu** flytur boðskapinn um að Guð sem öllu ræður á eftir að koma með mætti og dýrð, þar sem veröldin verður að lúta valdi hans. **Þriðja sunnudag í adventu** er guðspjallið um manninn sem var aumur og bugaður, hafði samband við Jesúm og fékk uppörvun á þann hátt sem aðeins verður þar sem Jesús kemur. Þar er þörfin oft brýn. **Fjórða sunnudag í adventu** hljómar boðskapurinn um þann Guð, sem er alltaf nálægur, og sagði við skírn okkar: „Sjá ég er með yður alla daga, allt til enda veraldarinnar.“

## Aðventukvöldin

Til að styrkja okkur í hinum innri undirbúningi jólanna eru líka aðventukvöldin. Að kvöldi fyrsta sunnudags í adventu er fjölbreytt dagskrá í kirkjunni, þar sem margir leggja hönd á plóg. Í öllu því er, eins og í guðspjónustunni, minnt á hinn eiginlega boðskap adventunnar; að Guð kemur til alls fólks sem þarf að opna hjarta sitt fyrir þeirri komu. Á því kvöldi eru adventuljósin tendruð, kirkjan er myrkvuð og allir fá kerti í hendur, sem kveikt er á. Boðskapurinn er að Jesús er nálægur, hann sagði: „Ég er ljós heimsins, hver sem trúir á mig mun ekki ganga í myrkri, heldur hafa ljós lífsins“

## Tónlistarkvöld

Það hefur verið háttur okkar í Seljakirkju, að hafa sérstætt tónlistarkvöld, þar sem fjallað er um tónlist adventu og jóla, bæði í tali og tónum. Þá er gripið á ýmsum þáttum þess ótrúlega mikla arfs sem sú tónlist geymir. Bent er á það sem eykur skilning á þeim tónlistararfi, til þess að njóta hans betur. Nú í ár munu þeir sr. Valgeir og Tómas Guðni, tónlistarstjóri kirkjunnar fá flytjendur í lið með sér. Tónlistarkvöldið verður annan sunnudag í adventu, 4. desember og hefst kl. 20. Farið verður um ýmis lönd með mörgum meisturum.

## Jólasöngvar Fóstbræðra

Karлакórinn Fóstbræður þarf ekki að kynna. Glæsilegri karlakórátónlist getur varla. Á hverri adventu koma þeir til kirkjunnar okkar og bjóða upp á adventu og jólatónlist eins og hún verður best í réttu umhverfi. Þeir félagar eru hressir og færast mikið í fang. Það er frábært að njóta þess og góður undirbúningur hátíðarinnar. Söngstjóri Fóstbræðra er Árni Harðarson og einsöngvari er María Jónsdóttir. Tónleikarnir eru fjórða sunnudag í adventu, 18. desember og hefjast kl. 17.



Jesús sagði: Ég er ljós heimsins

# Aðventudagskrá í Seljakirkju 2011



## 27. nóvember 1. sunnudagur í aðventu

kl. 11	Barnaguðsþjónusta
kl. 14	Guðsþjónusta - Altarisganga Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar Barnakórinn og kirkjukórinn flytja tónlist
kl. 16	Guðsþjónusta í Skógarbæ Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar
kl. 20	Aðventukvöld Fjölbreytt aðventudagskrá: Kirkjukórinn syngur undir stjórn Tómasar G. Eggertssonar. Seljur, kór kvenfélagsins, syngja undir stjórn Svövu Ingólfsd. Haukur Ísfeld les aðventusögu. Hugvekju flytur Margrét Sigursteinsdóttir Félagar úr Æskulýðsfélagi Seljakirkju flytja leikþátt

## 29. nóvember

kl. 18	Samvera eldri borgara Ræðumaður: Ævar Kjartansson, útvarpsmaður KK og Ellen Kristjánsdóttir flytja tónlist
--------	--

## 4. desember 2. sunnudagur í aðventu

kl. 11	Barnaguðsþjónusta
kl. 14	Guðsþjónusta Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar
kl. 20	Aðventusamkoma Sr. Valgeir Ástráðsson og Tómas Guðni Eggertsson flytja aðventudagskrá í tali og tónum ásamt kirkjukórnum, barnakórnum og einsöngvurum.

## 6. desember

kl. 19.30	Jólafundur Kvenfélags Seljasóknar Aðventudagskrá Hugvekju flytur sr. Valgeir Ástráðsson Upplestur, Seljurnar syngja, hátíðarmatur og jólapakkar. Þátttaka tilkynnist til stjórnarkvenna
-----------	---

## 11. desember 3. sunnudagur í aðventu

kl. 11	Barnaguðsþjónusta
kl. 14	Guðsþjónusta Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar
kl. 20	Kvöldguðsþjónusta - Altarisganga Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar Þorvaldur Halldórsson sér um tónlistina.

## 18. desember 4. sunnudagur í aðventu

kl. 11	Barnaguðsþjónusta Lúðrasveit Austurbæjar leikur, stjórnandi: Vilborg Jónsdóttir
kl. 14	Guðsþjónusta Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar Graduale Nobili kór Langholtskirkju syngur undir stjórn Jóns Stefánssonar
kl. 17	Aðventutónleikar Karlakórsins Fóstbræðra í Seljakirkju Stjórnandi er Árni Harðarson, einsöng syngur María Jónsd. Sr. Valgeir Ástráðsson flytur hugvekju

Organisti við guðsþjónusturnar er Tómas Guðni Eggertsson

Gjör dyrnar breiðar, hliðið hátt.  
Þú, Herrans kristni, fagna mátt,  
því kóngur dýrðar kemur hér  
og kys að eiga dvöl hjá þér.

Hann býður líknar blessað ár,  
hann býður dýpst að græða sár,  
hann býður þyngstu' að borga sekt,  
hann býður aumra' að skýla nekt.

Sjá, mildi' er lögmál lausnarans.  
sjá, líkn er veldissproti hans.  
Því kom þú, lýður kristinn, nú  
og kóngi dýrðar fagna þú.

Hve sælt það land, hve sælt það hús,  
er sælugjafinn líknarfús  
sér trútt og hlýðið fundið fær,  
þar friður, heill og blessun grær.

Hve sælt það hjarta ávallt er,  
sem ást til Krists með lotning ber  
og honum í sér bústað býr,  
að bragði sorg öll þaðan flýr.

Gjör dyrnar breiðar, hliðið hátt,  
þig, hjarta, prýð sem best þú mátt,  
og trúarlampann tendra þinn,  
og til þín bjóð þú Jesú inn.

Ég opna hlið míns hjarta þér,  
ó, Herra Jesús, bú hjá mér,  
að fái hjálparhönd þín sterk  
þar heilagt unnið náðarverk.

Ó, kom, minn Jesús, kom sem fyrst,  
ó, kom og mér í brjósti gist,  
ó, kom þú, segir sála mín,  
ó, seg við mig: Ég kem til þín.

*Helgi Hálfánarson - sb. 59*



Safnaðartíðindi Seljasóknar  
32. árg. 3. tbl. Aðventa 2011

Seljakirkja  
v/Raufarssel 109 Reykjavík. s: 567 0110  
Ritstjórn og ábyrgð: Sr. Valgeir Ástráðsson  
Útlitshönnun: Gísli B. Björnsson  
Umbrot: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson  
Prentun: Svansprent hf.  
Upplag: 3000 eintök.